

Æfingar í rafíþróttum hafnar í Snæfellsbæ

Nú geta krakkar í Snæfellsbæ farið að æfa rafíþróttir en æfingar byrjuðu formlega í þessari viku. Gunnlaugur Páll Einarsson og Hreinn Ingi Halldórsson verða þjálfarar í vetur og fara æfingarnar fram í Félagsmiðstöðinni á Hellissandi. Hópnum verður skipt í tvo aldusrhópa og þeim hópnum skipt í tvennt svo flestir komist að, þannig komast 20 börn að úr 5.-7. bekk og 20 börn úr 8.-10. bekk. Æfingar yngri hóparanna verða mánudaga og þriðjudaga og eldri hóparnir verða miðvikudaga og fimmtudaga.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði ungmennafélaginu styrk að upphæð 250.000 krónur við tilefnið en honum er ætlað að styðja enn frekar við þróun rafíþróttar í bæjarfélaginu. Ungmennafélagið hefur lagt mikið á sig til þess að auka fjölbreytni í afþreyingu sem boðið er upp á og mun þessi styrkur koma sér vel í þeirri áframhaldandi vinnu. Tinna, Gulli og Hreinn



tóku við styrknum fyrir hönd ungmennafélagsins Víkings/Reynis en á myndinni eru einnig Hilmar og Sigurður fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur.

JJ

Önnur áhorfendaverðlaun Heimaleiksins

Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls voru aðstandendur myndarinnar Heimaleikurinn staddir í Svíþjóð á dögum þar sem myndin var tilnefnd í flokki bestu norrænu heimildarmyndarinnar til Nordisk Panorama verðlaunanna í Malmö en Nordisk Panorama hátíðin er stærsta heimildarmyndahátíð Norðurlandanna. Heimaleikurinn, í leikstjórn Smára Gunnarssonar og Loga Sigursveinssonar, hefur hlotið virkilega góðar móttökur frá því hún fór í sýningar á kvikmyndahátíðum í vor. Um er að ræða bráðfyndna mynd sem fjallar um það hvernig Kári Viðarsson uppfyllir draum föður síns, Viðars Gylfasonar, með því að safna í lið heimamanna til að spila langþráðan vígsluleik á fótboltavellinum sem Viðar lét byggja á Hellissandi 25 árum áður. Á hátíðinni í Malmö hlaut myndin



áhorfendaverðlaun Nordisk Panorama en verðlaunin eru önnur áhorfendaverðlaunin sem Heimaleikurinn hlýtur. Fékk hún einnig áhorfendaverðlaun á heimildahátíðinni Skjaldborg í byrjun sumars. Almennar sýningar á Heimaleiknum hefjast í Smárabíó og Bíó Paradís þann 13. október næstkomandi og í Frystiklefanum á Rífi laugar daginn 14. október.

SJ

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

VÉLSMIÐJA GRUNÐARFJARÐAR

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Áfram samstarf um fótbolta



Í lokapríl sendi stjórn umf. Víkings/Reynis frá sér bréf til þeirra aðildarfélaganna sem hafa tekið þátt í Snæfellsnes samstarfinu í fótbolta. Í bréfinu tilkynnti stjórnin áform um að slíta samstarfinu eftir sumarið vegna erfiðleika með skipulag og framkvæmd æfinga og leikja. Ungmennafélögin á Snæfellsnesi hittust í vor á sameiginlegum fundi í kjölfar bréfsins í þeim tilgangi að skoða hvort það væru forsendur fyrir áframhaldandi samstarfi. Nefnd var skipuð á fundinum með fulltrúum frá öllum félögum og voru það þau Tinna Ýr fyrir umf. Víking/Reyni, Ragnar Smári fyrir UMFG og Agnes Helga fyrir Snæfell. Þau hittust reglulega í sumar og fóru yfir hvað mætti betur fara í samstarfinu. Niðurstaðan frá nefndinni var sú að knattspyrna á Snæfellsnesi sé sterkari sem ein heild og

geta þau haldið úti betra starfi með fjöldann á bakvið sig sem og fjárhagslega. Til þess að ramma starfið betur inn leggur nefndin til að samæfingar verði tíðari, að dómarakostnaði og heimaleikjum verði skipt jafnt niður, að efla samstarf milli þjálfara á nesinu og að tengiliður verði skipaður fyrir hvern flokk. Svo mikil sátt var með þessa niðurstöðu að samstarfsnefnd Ungmennafélaganna á Snæfellsnesi undirritaði samstarfssamning um áframhaldandi samstarf í knattspyrnu. Ritað var undir samninginn þann 29. september síðastliðinn og gildir hann til þriggja ára. Tinna Ýr Gunnarsdóttir er nýr formaður stjórnar Samstarfsins, Agnes Helga Sigurðardóttir gjaldkeri og Ragnar Smári Guðmundsson ritari.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Betra fyrir bílinn

Sædís spilaði sínar fyrstu mínútur með A landsliði

Getraunir 1x2

Knattspyrnuvertíðin er lokið hér heima, þetta sumarið. Þá förum við á fulla ferð í getraunastarfinu því enski boltinn rúllar fram á vor og um hann snúast getraunirnar. Margt skemmtilegt kemur uppá í kringum enska boltann og breytur allar margar og því er spennandi að giska á úrslitin. Við verðum í allan vetur í Átthagastofunni á milli klukkan 11.00 og 12.00 á laugardögum. Rjúkandi kaffi á

könnunni og stundum eitthvað snarl með. Hver röð kostar aðeins 13.00 krónur og hægt er að margfalda þá upphæð til baka ef maður hittir á rétt úrslit. Þetta er eitthvað sem bæði konur og karlar geta gert jafn vel, svo allir eru velkomnir. Fyrst og fremst er þetta stuðningur við Víking því Víkingur fær fjórðungs hlut af seldum röðum.

Áfram Víkingur.

Sædís Rún Heiðarsdóttir spilaði sínar fyrstu mínútur með A-landsliði kvenna þriðjudaginn 26. september síðastliðinn þegar hún kom inn á í seinni hálfleik gegn Þýskalandi í Þjóðardeildinni. Sædís var valin í hóp landsliðsins fyrir tvo leiki Íslands í Þjóðardeildinni. Fyrri leikur liðsins var við Whales þann 22. september og biðu aðdáendur Sædísar átektu eftir að sjá hana koma inn á en svo varð ekki. Í leik liðsins við Þýskaland kom hún inn á á 69. mínútu og spilaði þar 26 mínútur fyrir Íslands hönd. Leikurinn endaði með 4-0 sigri Þýskalands en Þjóðardeildin heldur áfram í lok október þar sem mun vonandi sjást meira af Sædís. Sædís hefur lagt virkilega hart að sér til að komast á þennan stað og segist hún vera stolt að hafa náð því þar sem það hefur



alltaf verið markmiðið að komast í A-landsliðið. Eflaust er þetta ekki síðasti leikur hennar fyrir hönd Íslands og verður skemmtilegt að fylgjast með þessum efnilega leikmanni í framtíðinni.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Inga kveður Jaðar eftir 21 ár.

Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar og er það Sigrún Erla Sveinsdóttir sem hóf störf 1. október 2023. Sigrún Erla er fædd og uppalin í Snæfellsbæ og hefur starfað á heimilinu til fjölda ára. Hún útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2011.

Síðastliðinn föstudag vann Inga

Jóhanna Kristinsdóttir sinn síðasta dag sem forstöðumaður á Jaðri en hún hefur starfað á heimilinu í 21 ár eða frá árinu 2002. Í tilefni dagsins bauð hún upp á kökur með kaffinu. Sigrún Erla færði Ingu blóm fyrir hönd starfsfólks og íbúa á Jaðri. Á myndinni eru Sigrún Erla og dóttir hennar, Ragnheiður Erla ásamt Ingu.

JJ



Sumarlestur Grunnskóla Snæfellsbæjar

Eins og síðustu ár stóð Grunnskóli Snæfellsbæjar fyrir sumarlestri á meðan skólinn var í frí en þetta er í sjöunda sinn sem nemendur eru hvattir til lesturs á þennan hátt. Markmiðið með sumarlestrinum er að hvetja þau til að lesa á meðan sumarfríinu stendur svo þau viðhaldi þeirri færni sem sem náðst hefur í lestri yfir skólaárið. Þá eru nemendur hvattir til að velja sér lestrarefni sem höfðar til þeirra áhugasviðs til að gera þetta skemmtilegra. Allir þeir nemendur sem taka þátt í verkefninu fara í pott og er

dregið út nöfn í tveimur aldursþópum eftir sumarið. Að þessu sinni fengu þau heppnu gjafabréfen það voru Embla Rós Guðbjartsdóttir í 2. bekk, Ellen Arnaldsdóttir í 3. bekk, Alisa Titova í 6. bekk og Sara Miriam Sahib í 8. bekk sem dregnar voru úr pottinum. Það voru margir sem lögðu sig fram við lesturinn í sumar og eru allir nemendur hvattir til að vera duglegir við lesturinn í vetur og taka svo þátt í sumarlestrinum að ári.

SJ



Fyrsta skóflustunga minnisvarðans Gleði



Vinna við undirstöður minnisvarðans „Gleði“ í Ólafsvík er nú hafinn. Minnisvarðinn er gjöf frá Kvenfélagi Ólafsvíkur og mun standa á grasblettinum til móts við Leikskólann Krílakot, við Gilið. Verkið á að minna á þá þrautseigju kvenfélagskvenna sem stofnuðu fyrsta leikskólann í Ólafsvík árið 1972 og ráku hann í nokkur ár svo konur í samfélaginu kæmst út á vinnuarkaðinn. Listamaðurinn Sigurður Guðmundsson hefur unnið að minnisvarðanum ásamt kvenfé-

lagskonum en verkið er hannað með það í huga að vera barnvænt en börn eiga að geta leikið sér í því. Fyrsta skóflustungan fyrir verkið var tekin þriðjudaginn 3. október og er það T.S. vélaleiga sem sér um jarðvegsvinnuna. Líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd kom steypur grunnur gamla starfsmannakofans sem eitt sinn stóð á leikskólalóðinni í ljós þegar Svanur Tómasson hóf að grafa á reitnum.

SJ



Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2024

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir 1. nóvember 2023.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2023 þurfa að senda inn ársreikning með áframhaldandi styrkbeiðni.

Svartserkur finnst í Breiðafirði

Ný tegund Sæsnigils fannst nýverið í Breiðafirði. Svanhildur Egilsdóttir, starfsmaður Hafrannsóknarstofnunar sem vann lengi vel í útibúi Hafró í Ólafsvík, hefur lengi haft áhuga á lífríki fjörunnar og stundað rannsóknir um árabíl. Hún hefur reglulega heimsótt

sömu fjöruna við Breiðafjörð. Fyrir um tveimur árum tók Svanhildur eftir ílöngum hlaupkenndum eggjasekkjum í leirnum. Spurðist hún fyrir meðal líffræðinga og í framhaldi var ákveðið að safna sýnum sem voru borin undir sérfræðing í flokkunarfræði sjávar-



Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

hryggleysingja hjá Hafró. Við skoðun á eggjasekkjunum kom í ljós að hugsanlega væri þetta egg sæsnigils af ættbálkinum Cephalaspidea sem hefur verið að finnast á nýjum stöðum síðastliðin ár. Farið var í leiðangur í fjöruna með það að markmiði að finna eigendur eggjanna og gekk sú ferð vel. Nokkrum sniglum var safnað, þeir krufðir og leiddi sú athugun í ljós að tegundin sem um ræðir er *Melanochlamys diomedea*

og hefur fengið íslenska heitir svartserkur. Þessi tegund hefur fundist á vesturströnd Norður Ameríku, allt frá Alaska suður til Kaliforníu en heimildir hafa ekki fundist um fundarstaði í Norður Atlantshafi. Ekki er vitað hvernig þessi tegund sæsnigils hefur borist í innanverðan Breiðafjörð og heldur ekki hvort hún finnst víðar við Ísland.

SJ